



## Fundargerð

Nefnd: **Skipulags- og mannvirkjanefnd**

Nr. fundar: 158

Dags: 10.01.2017

**Fundarmenn:** Eypór H. Ólafsson formaður, Eyjólfur K. Kolbeins varaformaður, Björn Kjartansson, Daði Steinn Arnarsson og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Oddur Hermannsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir, Landform, Halldór Ásgeirsson og Lárus Kristinn Guðmundsson Brunavörnum Árnessýslu. og Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Eypór H. Ólafsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

Fundurinn hófst kl. 17:30 og var slitið kl. 19:15.

### Mál fyrir fundi

Nr. 1

**Málsnr.** 201602705857

**Heiti máls** Heildarendurskoðun aðalskipulags Hveragerðis 2005-2017 – Verksstaða.

**Lýsing** Svanhildur fór yfir stöðu skipulagsvinnunnar og gerði grein fyrir aðalskipulagstillögu ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu.

Tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulags Hveragerðis verður send löggiltum umsagnaraðilum til umsagnar og kynnt á íbúafundi 31. janúar nk. í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

**Afgreiðsla** *Lagt fram til kynningar.*

Nr. 2

**Málsnr.** 201611715893

**Heiti máls** Deiliskipulag fyrir Dalsbrún, Hjallabrún og Hólmabrún, breytingartillaga.

**Lýsing** Málið var á dagskrá 157. fundar nefndarinnar.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hólmabrún, Dalsbrún og Hjallabrún gerð af Landform ehf. dags. 5. janúar 2017 hefur verið send Skipulagsstofnun til umsagnar og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofunni Sunnumörk 2, frá og með mánudeginum 9. janúar til þriðjudagsins 21. febrúar nk. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til 22. febrúar nk.

**Afgreiðsla** *Lagt fram til kynningar.*

Nr. 3

**Málsnr.** 201611925894

**Heiti máls** Svæði milli Austurmerkur og Suðurlandsvegur, tillaga að deiliskipulagi.

**Lýsing** Lögð fram tillaga að deiliskipulagi svæðis sem afmarkast af Breiðumörk, Austurmörk, Grænumörk og Suðurlandsvegi, gerð af Landform ehf. dags. 6. janúar 2017. Markmið deiliskipulagstillögunnar er m.a. að renna saman fjórum deiliskipulagsáætlunum, sem eru að hluta til eða að öllu leyti í gildi á svæðinu, í eitt heildstætt deiliskipulag, ljúka gerð deiliskipulags fyrir lóðirnar Austurmörk 24 og Sunnumörk 3 sem frestað var í deiliskipulagi fyrir Sunnumörk og Mánamörk með gildistöku 6.09.2007 og setja inn nýja byggingarreiti á gamlar athafnalóðir við Austurmörk.

Oddur gerði grein fyrir tillögunni.

Málið var einnig á dagskrá 156. og 157. fundar nefndarinnar.

**Afgreiðsla** *Lagt fram til kynningar.*

Nr. 4

**Málsnr.** 201611965914

**Heiti máls** Smyrlaheiði 56, umsókn um stækkun á byggingarreit, niðurstaða grenndarkynningar.

**Lýsing** Lagt fram bréf frá Ólafi S. Þórarinssyni, móttakið 8. nóvember 2016, þar sem óskað er eftir stækkun á byggingarreit til suðausturs skv. meðfylgjandi grunnmynd en hún sýnir grunnflöt áformaðrar viðbyggingar við íbúðarhúsið að Smyrlaheiði 56. Farið er fram á að byggingarreitur stækki um 4,0 m til austurs og 3,3 m til suðurs. Lögð var fram breytingartillaga að deiliskipulagi fyrir Smyrlaheiði 45-56, gerð af Landform ehf. dags. 28. nóvember 2016 þar sem komið er til móts við óskir bréfitara. Skipulagsfulltrúi hefur fengið umsögn Skipulagsstofnunar um tillöguna og telur hún hana vera óverulega.

Málið var á dagskrá 157. fundar nefndarinnar og var breytingartillögunni vísað í grenndarkynningu. Frestur til að gera athugasemd við tillöguna var til 10. janúar 2017. Engar athugasemdir bárust.

**Afgreiðsla** *Nefndin leggur til við bæjarstjórn að breytingartillagan verði samþykkt.*

Nr. 5

**Málsnr.** 201612355924

**Heiti máls** Edenreitur, deiliskipulagslýsing.

**Lýsing** Málið var á dagskrá 157. fundar nefndarinnar.

Lýsing deiliskipulags fyrir Edenreit, gerð af Ask arkitektum, dags. 1. desember 2016 hefur verið send Skipulagsstofnun til umsagnar og auglýst í samræmi við 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Öllum lóðarhöfum á reitnum var boðið á sérstakan kynningarfund með skipulagsfulltrúa, sem haldinn var 19. desember sl. Skipulagsfulltrúi og Ask arkitektar hafa átt samráðsfund um fyrirhugað deiliskipulag með þeim

Handwritten signatures, likely of the committee members, including the initials 'N.S.'.

aðilum sem bæjarstjórn hefur veitt forgang að Edenlóðinni Austurmörk 25 og Tívolílóðunum Sunnumörk 1 og 3. Gert er ráð fyrir að drög að deiliskipulagi reitsins verði til umræðu á fundi nefndarinnar í febrúar nk.

**Afgreiðsla Lagt fram til kynningar.**

Nr. 6

**Málsnr.** 20161135915

**Heiti máls** Brattahlíð 9, gistiheimili, umsókn um breytta notkun húsnæðis, niðurstaða grenndarkynningar.

**Þjóðskr.nr.** 8716-01-12630090

**Teg. bygg.** Íbúðarhús

**Eigandi** Dvalarheimilið Ás 4301691229 Hverahlíð 20 810 Hveragerði **Stærðir** 90.0 m<sup>2</sup> 305.0 m<sup>3</sup>

**Hönnuður** Ekki tilgreindur.

**Lýsing** Lagt fram bréf dags. 14. nóvember 2016 frá Júlíusi Rafnssyni f.h. Áss dvalar- og hjúkrunarheimilis þar sem óskað er eftir leyfi til að nýta húsið að Bröttuhlíð 9 sem gistiheimili.

Málið var á dagskrá 157. fundar nefndarinnar og var breytingartillögunni vísað í grenndarkynningu. Frestur til að gera athugasemd við tillöguna var til 10. janúar 2017. Engar athugasemdir bárust.

**Afgreiðsla Nefndin leggur til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt.**

Nr. 7

**Málsnr.** 201611575916

**Heiti máls** Hverahlíð 8, gistiheimili, umsókn um breytta notkun húsnæðis, niðurstaða grenndarkynningar.

**Þjóðskr.nr.** 8716-01-44730080

**Teg. bygg.** Íbúðarhús


**Eigandi** Grund dvalar- og hjúkrunarheimili 5801691209 Hverahlíð 20 810 Hveragerði **Stærðir** 66.0

m<sup>2</sup> 221.0 m<sup>3</sup> **Hönnuður** Ekki tilgreindur.

**Lýsing** Lagt fram bréf dags. 14. nóvember 2016 frá Júlíusi Rafnssyni f.h. Áss dvalar- og hjúkrunarheimilis þar sem óskað er eftir leyfi til að nýta húsið að Hverahlíð 8 sem gistiheimili.

Málið var á dagskrá 157. fundar nefndarinnar og var breytingartillögunni vísað í grenndarkynningu. Frestur til að gera athugasemd við tillöguna var til 10. janúar 2017. Engar athugasemdir bárust.

**Afgreiðsla Nefndin leggur til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt.**

  
Hauður Thorgeirsson  
Larus Kristinn  
Njónur Sigurðsson

  
Björn Isaksson  
